



Matvælaráðuneytið
Svandís Svavarsdóttir ráðherra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2023

Efni: Lækkun tolla í þágu neytenda

Félag atvinnurekenda og viðsemjendur þess innan Alþýðusambands Íslands undirrituðu í síðasta mánuði þrjú kjarasamninga. Einn er á milli FA og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna og tveir á milli FA og Rafiðnaðarsambandsins, annar vegna rafiðnaðarmanna og hinn vegna grafískra hönnuða. Við alla samningana var gerð sérstök samhljóða bókun, svohljóðandi:

„Aðilar sammælast um að óska eftir því við stjórnvöld að farið verði í vinnu við að afnema og lækka tolla í þágu neytenda. Lækkun tolla er ein skilvirkasta leiðin til að bæta hag launþega. Að mati samningsaðila væri góð byrjun að afnema tolla sem vernda enga hefðbundna innlenda landbúnaðarframleiðslu.“

Í núverandi verðbólguástandi hljóta stjórnvöld að skoða allar leiðir til að lækka verð á vörum fyrir almenning í landinu til að varðveita kaupmátt þeirra kjarabóta sem um hefur verið samið. Með lækkun tolla má ná miklum árangri í þeim efnum án þess að ríkissjóður tapi tekjum sem neinu nemur. Þá er ástæða til að ræða framkvæmd á útboðum tollkvóta út frá hagsmunum neytenda. Neðangreind samtök óska eftir að fá fund með ráðherra sem allra fyrst til að ræða hvernig gera megir breytingar á skipan tollamála í þágu neytenda og launþega.

Svars er óskað hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

F.h. RSÍ

Kristján Þórður Snæbjarnarson
formaður

F.h. VR/LÍV

Ragnar Þór Ingólfsson
formaður

F.h. FA

Guðrún Ragna Garðarsdóttir
formaður

Samrit: Bjarni Benediktson fjármála- og efnahagsráðherra